# HILUX




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

## **TOYOTA** BETTER HAPPY **TRUST** TOGETHER **YOU**

SÉRHVERN DAG HORFUM VIÐ FRAM Á VEGINN, FÖRUM LENGRA, ÞRÓUMST FREKAR. FRAMAR ÖLLU ÖÐRU VILJUM VIÐ GLEÐJA – MEÐ BÍL SEM FER FRAM ÚR VÆNTINGUM, ER SPENNANDI, TRAUSTVEKJANDI OG STENST ALLAR KRÖFUR OKKAR TIL LÍFSINS EINS OG ÞAÐ ER.
ÞÚ GENGUR AÐ OKKUR VÍSUM.

**TOYOTA**. ALWAYS A **BETTER** WAY






GOOD




HILUX
TOUGH



# BARA SVONA HILUX DAGUR

## HILUX AÐ ÖLLU LEYTI



# EFNISYFIRLIT


6 **Gæði**
8 **Dráttargeta**
10 **Farmþungi**
12 **Vél**
14 **Hönnun**
16 **Innanrými**
18 **Tækni**
20 **Öryggi**
22 **Gerðir yfirbygginga**
24 **Útfærslur**
30 **Aukahlutir**
34 **Litir**
36 **Felgur og áklæði**
38 **Tæknilýsing**
43 **Búnaður**
52 **Orðasafn**
54 **Hugarró**
56 **Umhverfið**
58 **Arfleifð**


HILUX



# HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

## GÆÐI, ENDING OG ÁREIÐANLEIKI – ENGIN LEIÐ ER OF ILLFÆR

Erfiðir dagar í vinnunni eru úr sögunni – hvort sem þín bíða torfærur eða daglegt stress slær ekkert Hilux út af laginu. Það er vegna þess að þessi pallbíll er harðari af sér en nokkru sinni fyrr. Undirbygging og yfirbygging Hilux hefur verið endurhönnuð, á grundvelli rómaðrar hörku og áreiðanleika fyrri gerða, til að gera hann enn harðari í horn að taka, en um leið er undirvagninn breiðari, sterkari og öruggari en áður. Allir íhlutir Hilux hafa verið smíðaðir með það að markmiði að standast erfiðustu próf sem til eru. Nýja undirbyggingin stuðlar einnig að bættri stýringu og þægindum í akstri og virkar samhliða nýja fjöðrunarkerfinu og nýrri hönnun gírhlutfalls. Virk spólvörn (A-TRC) bregst ekki þegar þú þarft svolitla aðstoð á erfiðum vegum og mismundadriflásinn hleypur undir bagga til að tryggja bestu hugsanlegu spyrnu. Þessir litlu en veigamiklu eiginleikar undirstrika enn betur einstaka færni Hilux og léttleika bílsins, jafnt innan sem utan vega.



HAC-kerfið tryggir að mjúklega er tekið af stað í miklum halla með því að viðhalda hemlunarkrafti í allt að fimm sekúndur eftir að hemlafetlinum er sleppt.

# AUKIN DRÁTTARGETA

## TAKTU Á, TOGAÐU LÉTTILEGA

Oft er sagt að morgunverðurinn sé mikilvægasta máltíð dagsins. Svo ef þú skyldir hafa velt því fyrir þér hvaðan Hilux fær þrótt sinn og styrk er svarið einfalt: Þessi magnaði pallbíll er fyrst og fremst hannaður sem vinnuklár með dráttargetu uppá 3,2 tonn fyrir allar útfærslur. Tog vélarinnar hefur verið aukið, en  samhliða því hefur kæligeta bæði vélar og gírkassa verið bætt verulega til að auka enn öryggi og lipurð við drátt. Hvort sem þú þarft að flytja kornsekki, annan bíl eða hjólhýsi gengur Hilux í málið og fer létt með. Bíllinn er einnig með TSC-kerfi (Trailer Sway Control) til að tryggja að ökutækið haldist ævinlega stöðugt, jafnvel í sviptivindum eða á breytilegum vegum.






Þetta aukna tog vélarinnar, samhliða 3,2 tonna dráttargetu, gerir Hilux kleift að draga jafnvel þyngstu hlöss án minnstu fyrirhafnar.


HILUX


07
05
kg
HILUX




# INNKAUPALEIÐANGUR

## AUKIÐ FARMRÝMI, AUKNIR MÖGULEIKAR

Þú færð aldrei of mikið af því góða. Nýr Hilux getur nú borið meira en nokkru sinni áður eða rúmt 1 tonn. Pallsvæðið hefur einnig verið endurhannað og stækkað til að gefa þér enn meira pláss undir fyrirferðarmikinn farm. Pallurinn mælist allt að 1525 mm á lengd og 1540 mm á breidd§. Hann er einnig búinn stálplötufestingum á gormleggjum skotthlerans til að tryggja öryggið þegar farmurinn er sem þyngstur. Að auki er pallurinn að innan með reipiskrókum til að halda farminum á sínum stað.

§ Extra Cab-pallur 1810 mm (lengd), 1540 mm (breidd); Double Cab-pallur 1525 mm (lengd), 1540 mm (breidd).



DAC-kerfi (stjórn á hraða niður brekkur), sem er í boði með sex þrepa sjálfskiptingu, hjálpar þér að aka niður brattar brekkur án minnsta hiks. Kerfið beitir stökum hemlum til að halda lágum hraða og halda ökutækinu stöðugu til að þú getir einbeitt þér að því að stýra og sveigja hjá hindrunum. Þetta virkar jafnvel í bakkgír og gerir aksturinn þannig enn öruggari.

# KRAFTAJÖTUNN

## MEGUM VIÐ KYNNA TOGMEISTARANN?

Hilux ögrar skilningi okkar á krafti með þessari glænýju dísilgerð. 2,4 lítra D-4D vélin skilar afburðaafköstum fyrir tilstilli nýrrar togtækni sem eykur togkraftinn gríðarlega á lágum hraða og upp í meðalhraða og býður upp á áður óþekkta hröðun. Þannig stuðlar vélin um leið að og eykur enn framúrskarandi dráttargetu Hilux. Þessi vél er hönnuð í því augnamiði að draga úr hávaða og auka skilvirkni. Reyndar er hljóðeinangrunin svo mikil að þér finnst þú alls ekki sitja í pallbíl. Hið sama gildir um nýju og sérlega kraftmiklu sex gíra beinskiptinguna og sex þrepa sjálfskiptinguna: Allt stuðlar þetta að því að þér líði eins og þú sitjir í lúxusjeppa.



2,4 lítra D-4D dísilvélin skilar frábærum afköstum, sérstaklega á litlum og miðlungssnúningshraða, sem hefur í för með sér framúrskarandi hröðun. Sparneytni hefur einnig verið aukin um leið og hávaða er haldið í lágmarki.






| DÍSILVÉL | DÍSILVÉL |
| --- | --- |
| **2,4 lítra D-4D 6 B.SK.** | **2,4 lítra D-4D 6 SJ.SK.** |
| Afl | Afl |
| **150 DIN hö.** | **150 DIN hö.** |
| Eldsneytisnotkun* | Eldsneytisnotkun* |
| **frá 7,0 l/100 km** | **frá 7,8 l/100 km** |
| Losun koltvísýrings* | Losun koltvísýrings* |
| **185 g/km** | **204 g/km** |
| Hröðun | Hröðun |
| **13,23 sekúndur** | **12,75 sekúndur** |

B.SK. = beinskipting
SJ.SK. = sjálfskipting
* Blandaður akstur, GX útfærsla Double Cab.

# GRILLAÐ MEÐ VINUNUM

## SJÓÐHEIT HÖNNUN

Þeir eru vandfundnir, pallbílarnir sem njóta þess eins vel að fá á sig leðju og sand og Hilux. Hönnunin er sterkbyggð og gróf og miðar að því að bíllinn taki sig vel út við allar aðstæður, við öll verkefni og í hvaða ævintýraferð sem er – hvort sem er í steikjandi hita eða nístandi kulda. Hér fær auðkennandi Toyota-útlitið að njóta sín í allri sinni dirfsku, með sterkum formum og hvössum hornum, hvert sem litið er, til að undirstrika hörku og styrk sem byggist á hugviti. Þessi bíll einkennist af fáguðum þrótti, allt frá áberandi grillinu – sem er nú sambyggt við vélarhlífina til að ljá því kraftmikið, flæðandi yfirbragð og rammað inn með LED-ljósum – til sterklegra brettakantanna og þróttmikilla hliðarlínanna. Miðlína úr krómi meðfram gluggum og mikið úrval af felgum gefa færi á að gera bílinn enn meira áberandi og glæsilegri.





Áberandi útlitseinkenni í krók og kring: LED-dagljós og öflug lág LED-ljós hringa sig um stuðarann og ljá bílnum breiðari og stæltari ásýnd (VX útfærslan).


HILUX





# HÁMARKS ÞÆGINDI

## KRÖFTUGUR AÐ UTAN, NOTALEGUR AÐ INNAN

Í þessum pallbíl er lagður metnaður í traust og sterkt ytra byrði og innanrými með endingargóðum, fallegum efnum og nýjasta tæknibúnaði, til að hámarka þægindin fyrir þig. Ný rafeindastýring dregur úr halla yfirbyggingar og skoppi og gerir aksturinn alveg jafnmjúkan og í fyrsta flokks jeppa. Þá eru nýju, stillanlegu leðursætin (VX útfærsla) ekki af verri endanum, enda eru þau enn þægilegri en áður og með auknum stuðningi og hægt að stilla hæð og dýpt stýrisins svo henti best þeirri sætisstillingu sem þú kýst helst. Sjálfvirk loftkæling og lofthreinsisía standa þér einnig til boða og það er meira að segja 220 V innstunga í miðjustokknum til að þú getir hlaðið raftækin þín hvenær sem þess er þörf.



1.



2.

**(1)** Aftursætin eru tvískipt í 60:40 og þeim er hægt að lyfta upp til að fá enn meira farmrými.
**(2)** Yfir hanskahólfinu er kælibox sem heldur drykkjunum þínum köldum, hvort sem þú ætlar í utanvegaævintýri eða ert bara á leið í vinnuna. Hilux sparar ekki geymsluplássið og það eru hvorki meira né minna en 11 geymslurými staðsett víðs vegar um farþegarýmið.






**Toyota Touch® 2**
Margmiðlunarkerfið opnar þér leið inn í heilan heim upplýsinga og afþreyingar, með glæsilegum 7" skjá í spjaldtölvustíl. Þú þarft aðeins að fletta gegnum skjámyndirnar til að nýta þér ótal spennandi aðgerðir (GX og VX).



**Fjölnota upplýsingaskjár**
Nýr upplýsingaskjár í lit til að tryggja þér greiðan aðgang að veigamiklum akstursleiðarupplýsingum (GX og VX).



# ALLT UNDIR ÖRUGGRI STJÓRN

## NÝIR OG SPENNANDI TÍMAR Í TÆKNI FYRIR PALLBÍLA

Í Hilux er fjöldi tæknilausna sem gera hvern einasta bíltúr þægilegri og auðveldari. Eins og til dæmis skjárinn á Toyota Touch® 2, þar sem þú getur nýtt þér margs konar margmiðlunareiginleika. Skjáinn er hægt að tengja við sérstillt hljóðkerfi og þú stillir hljóðstyrkinn með stjórntæki á stýrinu. Nýi 4,2" fjölnota upplýsingaskjárinn (GX og VX ) er önnur nýjung hjá Hilux. Hann er felldur inn í mælaborðið og birtir þér skilaboð í þrívídd sem hjálpa þér að auka hagkvæmni í akstri. Í kerfinu er einnig aksturstölva sem sýnir nauðsynlegar upplýsingar um ferðina. Þessar aðgerðir er sáraeinfalt að nota, með handhægum stjórntökkum í stýri bílsins.



**Lyklalaus opnun og ræsing**
Þessi eiginleiki gerir þér kleift að opna bílinn með því einu að ýta á hnapp á hurðarhúninum. Þú gangsetur vélina með Start/Stop-hnappinum. Allt sem þú þarft að gera er að vera með lykilinn í vasanum (VX útfærsla).




**Rofi til að skipta yfir í fjórhjóladrif**
Til að auka enn þægindin og glæsileikann er Hilux líka með rofa til að skipta yfir í fjórhjóladrif, í stað stangar.

**SKANNAÐU ÞENNAN QR-KÓÐA**
til að kynna þér Toyota Safety Sense betur.




**Myndin er af: Hilux Double Cab – Lounge**



**Toyota Safety Sense**
Toyota Safety Sense býður upp á framúrskarandi öryggiskerfi til að aksturinn verði enn öruggari og afslappaðri. Þrenns konar akstursöryggistækni – árekstrarviðvörunarkerfi* með greiningu gangandi vegfarenda, LDA-akreinaskynjari og umferðarskiltaaðstoð – myndar kjarnann í Toyota Safety Sense.



**Árekstrarviðvörunarkerfi með greiningu gangandi vegfarenda**
Kerfið notar bæði radarmæli og myndavél til að greina aðra bíla á veginum fram undan. Ökumaðurinn fær viðvörun um hugsanlega árekstrarhættu með hljóð- og myndrænum hætti og hemlunaraðstoð er virkjuð. Takist ökumanninum ekki að hemla í tæka tíð eru hemlarnir virkjaðir sjálfkrafa til að forða árekstri eða draga úr högginu. Þessu til viðbótar er einnig hægt að greina gangandi vegfarendur í tæka tíð.



# SUNGIÐ Í RIGNINGUNNI

## ÖRYGGISMÁLIN

Þegar þú kemst í hann krappan er Hilux upp á sitt besta. Þetta er nú einu sinni bíll sem er hannaður til að standast öll þyngstu prófin. Bíllinn er búinn Toyota Safety Sense, sem býður upp á þrenns konar framúrskarandi öryggiskerfi til að aksturinn verði enn öruggari og afslappaðri – árekstraröryggiskerfi, LDA-akreinaskynjara og umferðarskiltaaðstoð. Undirbygging og yfirbygging hefur verið endurhönnuð og er smíðuð úr stáli með miklu togþoli (HTSS) til að tryggja að allir farþegar njóti sem bestrar verndar ef til árekstrar kemur. Hliðarbitarnir og þverbitarnir hafa verið styrktir enn frekar og stækkaðir, en þannig geta þeir tekið á sig enn meiri högg við árekstur og dreift höggkraftinum betur. Meðal annarra öryggistæknilausna má nefna stöðugleikastýringu (VSC) og sjö SRS-loftpúða, sem gera hið einstaka árekstrarvarnarkerfi Hilux enn betra.



**LDA-akreinaskynjari**

LDA-akreinaskynjari Toyota Safety Sense notar myndavél til að greina akreinamerkingar á veginum fram undan og varar ökumanninn við með hljóðrænni og myndrænni viðvörun ef bíllinn færist út af akreininni án þess að stefnuljósið hafi verið sett á.




**Umferðarskiltaaðstoð**

Umferðarskiltaaðstoðin í Toyota Safety Sense fylgist með umferðarskiltum fram undan og birtir gagnlegar upplýsingar, svo sem núverandi hraðatakmarkanir eða bann við framúrakstri, með skýrum hætti á nýja TFT-litaskjánum í stjórnrýminu. Kerfið býður einnig upp á myndræna viðvörun og hljóðmerki ef leiðbeiningum á umferðarskiltunum er ekki fylgt.

* Tækniheiti: Árekstraröryggiskerfi.



**Extra Cab**

# MEÐ PIKKÖPP-LÍNURNAR Í LAGI

## ÖLLUM STÖRFUM VAXINN

Nýr Hilux er með línurnar í lagi, sama hvert markmiðið er. Þetta er bíll sem hæfir hvaða ævintýri sem er, hvort sem er í starfi eða leik. Innanrýmið hefur verið endurhannað til að tryggja öllum farþegunum svigrúm. Axlarými og höfuðrými hefur verið stækkað að framan. Einnig er hægt að færa sætin meira til svo að bíllinn hæfi sem flestum. Að auki er nú meira fótarými í aftursætunum til að allir komi hressir á leiðarenda og til í enn fleiri ævintýri með Hilux.



Farmþungi **1025 kg**
Heildarþyngd **3150 kg**
Vél **2.4 l D-4D**
Drif **Fjórhjóladrif**
Skipting **6 B.SK.**

**Double Cab**





Farmþungi **1040 kg**
Heildarþyngd **3210 kg**
Vél **2.4 l D-4D**
Drif **Fjórhjóladrif**
Skipting **6 B.SK.**

# HILUX-ÚTFÆRSLUR





## LX

**Helsti búnaður**

— 17” dekk (265/65R17)
— Svart efra framgrill
— Svartur framstuðari
— Svartur afturstuðari
— Svartir hliðarspeglar
— Aðalljós lýsa leiðina heim að dyrumi
— Rafdrifnir hliðarspeglar
— Upphitaðir hliðarspeglar
— Afturljósasamstæða (með perum)
— Margspegla halógen-aðalljós
— Burðarmeiri fjöðrun
— Eins tonns farmþungi
— Innri hlasskrókar á hleðslupalli
— Aurhlífar að framan
— Aurhlífar að aftan
— Svart áklæði
— Aflstýri
— Hiti í fótrými farþega í aftursæti
— Rafdrifnar rúður að framan
— Rafdrifnar rúður að aftan
— Sjálfvirkni í rúðu aðeins ökumannsmegin
— 12 V innstunga að framan
— Fjölnota einlitur LCD-upplýsingaskjár
— Hraðastillir
— Toyota Safety Sense
— Fjórhjóladrifsrofi hjá ökumanni
— Mikið geymslupláss í hólfi í miðstokki að framan
— Kælir í efra hanskahólfi
— Fjórir hátalarar
— Hljóðinntak
— USB-tengi
— Handfrjáls Bluetooth®-búnaður
— Hiti í sætum




**Aukalega í Double Cab**

— Samlitur stuðari
— Þokuljós









# HILUX-ÚTFÆRSLUR



## GX




**Helsti búnaður**
- 17" álfelgur (6 arma)
- Króm á efra framgrilli
- Krómumgjörð um efra framgrill
- Samlitur framstuðari
- Krómaður afturstuðari
- Krómaðir hliðarspeglar
- Skyggðar afturrúður
- Rafstýrðir aðfellanlegir hliðarspeglar
- Þokuljós að framan
- Hraðastillir
- Svart áklæði með lóðréttu mynstri eða svart efni með láréttu mynstri
- Leðurklætt stýri með fjórum örmum
- Silfurinnfelling á miðstokki
- Leðurklæddur gírstangarhnúður
- Krómumgjörð um gírstangarhnúð
- Bólstraður armpúði á miðstokki að framan
- Skjár fyrir bakkmyndavél
- Fastar hjálparlínur á skjá bakkmyndavélar
- Aftursæti sem hægt er að lyfta upp með 60:40 skiptingu
- 12 V innstunga að framan (2)
- 220 V innstunga að framan
- Fjölnota TFT-upplýsingaskjár í lit
- 7" margmiðlunarskjár
- Toyota Touch® 2-margmiðlunarkerfi
- Sex hátalarar
- Hiti í sætum
- Stigbretti
- Sjálfvirk loftræsting
- Mjúk fjöðrun
- Toyota Safety Sense













**SKANNAÐU ÞENNAN QR-KÓÐA.**
Gerðu Hilux að þínum.

# HILUX-ÚTFÆRSLUR





## VX

**Helsti búnaður**

— 18" álfelgur (265/60R18)
— Krómaður skrautlisti á hurðum
— Krómaðir gluggakarmar
— Lyklalaus opnun og ræsing
— LED-aðalljós
— Sjálfvirk hæðarstilling á aðalljósum
— Dagljós (LED)
— Svart leðuráklæði
— Silfur- og króminnfelling á miðstokki
— Ræsihnappur
— Sjálfvirk loftkæling
— Rafdrifið ökumannssæti
— Rafstýrt, hallanlegt ökumannssæti
— Hiti í sæti ökumanns og farþega í framsæti
— Rafdrifnar rúður með festivörn
— Toyota Safety Sense
— Stigbretti











# TILBÚINN Í SLAGINN

## ÆVINTÝRAÞRÁ HILUX ERU EINFALDLEGA ENGIN TAKMÖRK SETT. EF ÞÚ VELUR SKEMMTILEGA SAMSETNINGU AF TOYOTA AUKAHLUTUM FÆRÐU KRAFTMIKLA OG HAGNÝTA VIÐBÓTARVALKOSTI SEM UNDIRSTRIKA ENN BETUR KOSTINA VIÐ HILUX – Í STARFI, Í LEIK EÐA BARA FYRIR ÞAÐ SEM ÞÉR FINNST SKEMMTILEGAST AÐ GERA.




**1. Invincible-merki**
Tákn um seiglu sem segir sína sögu.

**2. Stuðningsrör**
Hannað úr ryðfríu stáli sem gerir yfirbragðið kraftmikið og harðgert.

**3. Pallhlíf**
Hárnákvæm mótun tryggir hámarkspallrými: Sérlega þétt pólýetýlen ver pallflötinn, hliðarnar og afturhlerann.

**4. Gangbretti með þrepi**
Hólklaga stálbitarnir eru úr ryðfríu stáli og þeim fylgir þrep með skrikvörn.

**5. Framhlíf með undirhlíf**
Framhlífin setur sterklegan svip á bílinn.

**6. Umgjörð á þokuljósum**
Gerðu þokuljósin að framan enn glæsilegri og stuðarann skrautlegri með flottum krómskreytingum.

**7. „Invincible“ sílsahlífar**
Hlífarnar verja sílsana en ljá bílnum einnig fallegt og stílhreint yfirbragð.



# MEÐ SJÁLFS-TRAUSTIÐ Í LAGI

## HILUX KEMST ALLTAF LEIÐAR SINNAR, HVORT SEM ER Á MÖL EÐA MALBIKI. EF ÞÚ VILT SANNREYNA ÞESSA STÓRKARLALEGU STAÐHÆFINGU ER FJÖLBREYTT ÚRVAL AUKAHLUTA FRÁ TOYOTA EITTHVAÐ FYRIR ÞIG. ÞAR FINNUR ÞÚ ALLT SEM ÞARF TIL AÐ GERA HILUX ENN FLOTTARI, FJÖLHÆFARI OG FULLKOMNARI.






**1. Upprúllanleg hlíf úr áli**
Verndaðu Hilux fyrir forvitnum augum: Læsanleg og upprúllanleg hlíf úr áli ver allt sem á pallinum er.

**2. Palllok stuðningsröri**
Hlífðarbúnaður sem hrífur: Þessi læsanlega hlíf á hjörum er með sérmótaðri vindskeið. Hún fæst í öllum yfirbyggingarlitunum og fæst einnig með stuðningsröri úr ryðfríu stáli, ef þess er óskað.

**3. Gangbretti**
Auðþekkjanlegir hólklaga styrktarbitar úr ryðfríu stáli fanga augað.

**4. Pallhús**
Pallhús er veðurþolið og alveg lygilega hagkvæmt, en gefur bílnum einnig traust og samskeytalaust útlit. Það er sérhannað fyrir Hilux og er með læsanlegum, skyggðum gluggum á hjörum og LED-ljósum að innan.

**5. Dráttarkrókur**
Dráttarkrókurinn færir þér allt að 3200 kg dráttargetu og allan þann sveigjanleika sem þarf til verksins.

**6. Færanlegur gólfflötur**
Álbrautir á pallgólfinu gera gólffletinum kleift að færast til og frá og auðvelda fermingu á allt að 300 kg á pallrýminu. Mynstruð skrikvörn með upphleyptum brúnum heldur öllum farmi á sínum stað.

**7. Geymsluhólf**
Geymsluhólfið er fest á aðra hlið pallsins og er mjög aðgengilegt. Hólfið er læsanlegt og vel varið gegn vatni, aur og sandi.

**8. Pallhlíf úr áli**
Sterkt lag úr áli til að verja pallinn.

**9. Sjálffellanlegur spegill**
Speglarnir eru felldir inn sjálfkrafa þegar Hilux er læst og þeir opnast aftur þegar bíllinn er opnaður næst.




Kíktu á www.toyota.is eða náðu þér í bækling hjá söluaðila Toyota til að fá ítarlegri upplýsingar um allt aukahlutaúrvalið.




# STERKUR Á VELLI Í HVAÐA UMHVERFI SEM ER

## ÁTTA LITIR Á YFIRBYGGINGU




**040 hvítur**




**218 svartur***

* Sanserað lakk.




**070 perluhvítur***




**1D6 silfur***




**1G3 steingrár***




**3T6 rauður***




**4V8 brons***




**8X2 blár***



**17" svartar stálfelgur**
Staðalbúnaður í LX*



**17" álfelgur**
Staðalbúnaður í GX



**18" álfelgur**
Staðalbúnaður í VX◊

# TILBÚINN Í HVAÐ SEM ER

## STERKAR FELGUR, SLITÞOLIN ÁKLÆÐI



**18" álfelgur með vélunnu yfirborði**
Aukabúnaður í öllum útfærslum



**17" álfelgur með vélunnu yfirborði**
Aukabúnaður í öllum útfærslum



**17" álfelgur**
Aukabúnaður í öllum útfærslum



**Svart áklæði**
Staðalbúnaður í LX



**Svart áklæði**
Staðalbúnaður í GX



**Svart leður**
Staðalbúnaður í VX



**Svart leður með ljósbrúnum innfellingum / svart leður**
Aukabúnaður í öllum útfærslum



**Dökkgrátt leður / svart leður með dökkbleikum innfellingum**
Aukabúnaður í öllum útfærslum



**Grátt leður / grátt leður með dökkgráum innfellingum**
Aukabúnaður í öllum útfærslum

# TÆKNILÝSING

| UMHVERFISÞÆTTIR | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| **Eldsneytisnotkun (viðeigandi löggjöf)** | | |
| Blandaður akstur (lítrar/100 km) | 7,0/6,8* | 7,8/7,2* |
| Innanbæjarakstur (lítrar/100 km) | 8,2/7,9* | 9,5/8,5* |
| Utanbæjarakstur (lítrar/100 km) | 6,3/6,1* | 6,7/6,5* |
| Eldsneytisgeymir (lítrar) | 80 | 80 |
| **Koldíoxíð, koltvísýringur (viðeigandi löggjöf)** | | |
| Blandaður akstur (g/km) | 185/178* | 204/189* |
| Innanbæjarakstur (g/km) | 216/209* | 250/222* |
| Utanbæjarakstur (g/km) | 167/161* | 177/170* |
| **Losun með útblæstri (reglugerð EB/715/2007 eins og henni var breytt með EB 2015/45Y)** | | |
| Mengunarstaðall | EURO 6 Y | EURO 6 Y |
| Kolmónoxíð, CO (mg/km) | 136 | 74 |
| Köfnunarefnisoxíð, NOx (mg/km) | 82,2 | 76,7 |
| Vetniskolefni, THC og köfnunarefnisoxíð, NOx (mg/km) | 95,4 | 85,4 |
| Reykagnir (mg/km) | 1,31 | 1,25 |
| Hljóðstig í akstri (dB(A)) | 72 | 69 |

Mælingar á eldsneytisnotkun, magni koltvísýrings í útblæstri og hávaða í akstri eru gerðar á grunngerð ökutækisins og fara fram við stýrð umhverfisskilyrði, samkvæmt kröfum Evrópulaga sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birtir. Hafðu samband við Toyota á Íslandi til að fá nánari upplýsingar eða ef þú hefur áhuga á að kaupa grunngerð bílsins. Eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun bílsins getur hugsanlega verið önnur en mælingar segja til um. Aksturslag og aðrir þættir (s.s. ástand vega, umferð, ástand ökutækis, uppsettur búnaður, farangur, farþegafjöldi o.fl.) hafa áhrif á eldsneytisnotkun bílsins og losun
koltvísýrings.

| VÉL: | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Vélarkóði | 2GD | 2GD |
| Fjöldi strokka | 4, í línu | 4, í línu |
| Ventlabúnaður | 16 ventla DOHC | 16 ventla DOHC |
| Eldsneytiskerfi | Eldsneytisinnspýting með „common rail“ | Eldsneytisinnspýting með „common rail“ |
| Slagrými (cc) | 2393 | 2393 |
| Stimpilstærð (mm x mm) | 92,0 x 90,0 | 92,0 x 90,0 |
| Þjöppunarhlutfall | 15,6 :1 | 15,6 :1 |
| Hámarksafköst (DIN hö.) | 150 | 150 |
| Hámarksafköst (kW/sn./mín.) | 110/3400 | 110/3400 |
| Hámarkstog (Nm) | 400 | 400 |

| AFKÖST | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Hámarkshraði (km/klst.) | 170 | 170 |
| 0–100 km/klst. (sek.) | 13,23 | 12,75 |

| FJÖÐRUN | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Framfjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun | Tveggja spyrnu fjöðrun |
| Afturfjöðrun | Heill ás, blaðfjöðrun | Heill ás, blaðfjöðrun |

| HEMLAR | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Framhemlar | Loftkældir diskar | Loftkældir diskar |
| Afturhemlar | Skálabremsur | Skálabremsur |

*VX útfærsla Double Cab

# TÆKNILÝSING

| MÁL OG ÞYNGD | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Ytri lengd (mm) | 5330 | 5330 |
| Ytri breidd (mm) | 1855 | 1855 |
| Ytri hæð (mm) | 1810[§]/1815[◊] | 1815 |
| Sporvídd að framan (mm) | 1540 | 1540 |
| Sporvídd að aftan (mm) | 1550 | 1550 |
| Skögun að framan (mm) | 1000 | 1000 |
| Skögun að aftan (mm) | 1250 | 1250 |
| Hjólhaf (mm) | 3085 | 3085 |
| Beygjuradíus – hjólbarði (m) | 6,4 | 6,4 |
| Innri lengd (mm) | 1732 | 1732 |
| Innri hæð (mm) | 1170 | 1170 |
| Palllengd (mm) | 1810[§]/1525[◊] | 1525 |
| Pallbreidd (mm) | 1540 | 1540 |
| Pallhæð (mm) | 480 | 480 |
| Heildarlengd farangursrýmis, aftursæti uppi (mm) | 1555 | 1555 |
| Heildarþyngd ökutækis (kg) | 3150[§]/3210[◊] | 3210 |
| Farmþungi (kg) | 1030/1025/1040 | 1040 |
| Eigin þyngd (kg) | 1975–2170 | 2095–2160 |
| Dráttargeta með hemlum (kg) | 3200 | 3200 |
| Dráttargeta án hemla (kg) | 750 | 750 |

[§] Extra Cab. [◊] Double Cab.


1540 mm
1855 mm
3085 mm
5330 mm
1810 mm
1550 mm
1855 mm
1540 mm
1855 mm
3085 mm
5330 mm
1815 mm
1550 mm
1855 mm

# TÆKNILÝSING

| UTAN VEGA | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 B.SK. | 2.4 l D-4D<br>Dísilvél 6 SJ.SK. |
|---|---|---|
| Lágmarkshæð frá jörðu (mm) | 289§/293* | 293 |
| Flái að framan (°) | 31 | 31 |
| Flái að aftan (°) | 26 | 26 |

| FELGUR | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| | | | |
| 17" svartar stálfelgur | ● | – | – |
| 17" álfelgur (6 arma) | – | ● | – |
| 18" álfelgur (6 arma) | – | – | ● |
| Grófir hjólbarðar | ● | ● | – |
| Vegahjólbarðar | – | – | ● |
| Varadekk á stálfelgu | ● | ● | – |
| Varadekk á álfelgu | – | – | ● |

# BÚNAÐUR

| ÚTLIT AÐ UTAN | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Svart efra framgrill | ● | – | – |
| Króm á efra framgrilli | – | ● | ● |
| Krómumgjörð um efra framgrill | – | ● | ● |
| Svört umgjörð um þokuljós að framan | ●* | ● | ● |
| Svartur framstuðari | ●§ | – | – |
| Samlitur framstuðari | ●* | ● | ● |
| Svartur afturstuðari | ● | – | – |
| Krómaður afturstuðari | – | ● | ● |
| Breiður framstuðari | ●§ | ● | ● |
| Svartir hliðarspeglar | ● | – | – |
| Krómaðir hliðarspeglar | – | ● | ● |
| Svartir hurðarhúnar | ● | – | – |
| Krómaðir hurðarhúnar | – | ● | ● |
| Svart handfang á afturhlera | ● | – | – |
| Krómað handfang á afturhlera | – | ● | ● |
| Krómaður skrautlisti á hurðum | – | – | ● |
| Krómaðir gluggakarmar | – | – | ● |
| Skyggðar afturrúður | – | ● | ● |
| Samlit framstoð | ● | ● | ● |
| Svört stoð í miðju | – | ● | ● |
| Stutt loftnetsstöng | ● | ● | ● |
| Loftnet á þaki | ● | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður – = ekki fáanlegt * Double Cab. § Extra Cab.

# BÚNAÐUR

| YTRI ÞÆGINDI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Aðalljós lýsa leiðina heim að dyrum | ● | ● | ● |
| Áminning um að slökkva á aðalljósum | ● | ● | ● |
| Birtuskynjari | ● | ● | ● |
| Rafdrifnir hliðarspeglar | ● | ● | ● |
| Upphitaðir hliðarspeglar | ● | ● | ● |
| Rafstýrðir aðfellanlegir hliðarspeglar | – | ● | ● |
| Fjarstýrðar hurðalæsingar | ● | ● | ● |
| Lyklalaus opnun og ræsing | – | – | ● |
| Afturhleri | ● | ● | ● |
| Handfang á afturhlera | ● | ● | ● |
| Læsanlegur afturhleri | ● | ● | ● |

| ÚTLIT AÐ INNAN | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Stýri úr úretani með fjórum örmum | ● | – | – |
| Leðurklætt stýri með fjórum örmum | – | ● | ● |
| Silfruð innfelling á stýri | ● | ● | ● |
| Ljósgráir saumar á stýri | – | ● | ● |
| Silfurumgjörð um hraðamæli með vísum | ● | ● | ● |
| Svartur miðstokkur | ● | ● | ● |
| Innfelling á miðstokki með svartri áferð | ● | – | – |
| Silfurinnfelling á miðstokki | – | ● | – |
| Silfur- og króminnfelling á miðstokki | – | – | ● |
| Gljásvört umgjörð um margmiðlunarskjá | – | ● | ● |
| Silfruð umgjörð um margmiðlunarskjá | – | ● | ● |
| Leðurklæddur gírstangarhnúður | – | ● | ● |
| Króminnfellingar á gírstangarhnúð | – | ● | ● |
| Svört umgjörð um gírstangarhnúð | ● | – | – |

| ÚTLIT AÐ INNAN | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Krómumgjörð um gírstangarhnúð | – | ● | ● |
| Silfurumgjörð um gírstöng á miðstokki | – | ● | ● |
| Handbremsa úr úretani | ● | ● | ● |
| Krómaður hnappur á handbremsu | – | ● | ● |
| Armpúði úr úretani á miðstokki að framan | ● | – | – |
| Armpúði með tauáklæði á miðstokki að framan | – | ● | – |
| Armpúði úr leðurlíki á miðstokki að framan | – | – | ● |
| Hvítir saumar á miðstokki að framan | – | ● | ● |
| Bólstraður armpúði á miðstokki að framan | – | ● | ● |
| Silfurinnfelling á miðstokki að framan | – | ● | ● |
| Svart efra mælaborð | ● | ● | ● |
| Svartur saumaskapur á efra mælaborði | – | ● | ● |
| Svart neðra mælaborð | ● | ● | ● |
| Svart neðra mælaborð farþegamegin | ● | ● | ● |
| Svört loftunarop í miðju | ● | ● | ● |
| Svört umgjörð um loftunarop í miðju | ● | ● | ● |
| Króminnfelling á loftunaropum í miðju | – | ● | ● |
| Svört loftunarop á hliðum | ● | ● | ● |
| Svört umgjörð um loftunarop á hliðum | ● | – | – |
| Króminnfelling á loftunaropum á hliðum | – | ● | ● |
| Silfruð umgjörð um loftunarop á hliðum | – | ● | ● |
| Áklæði á armpúðum á framhurð | ● | ● | ● |
| Svartir armpúðar á framhurðum | ● | ● | ● |
| Gráir saumar á armpúðum á framhurð | – | – | ● |
| Krómaðir hurðarhúnar að innanverðu | – | ● | ● |
| Gljásvört umgjörð um hurðarrofa | – | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður – = ekki fáanlegt

# BÚNAÐUR

| ÞÆGINDI Í INNANRÝMI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Armpúðar úr leðurlíki á framhurðum | – | – | ● |
| Gangsetningarhnappur | – | – | ● |
| Hraðamælir með vísi | ● | ● | ● |
| Stýri sem halla má handvirkt | ● | ● | ● |
| Handstýrt aðdráttarstýri | ● | ● | ● |
| Aflstýri | ● | ● | ● |
| Handstýrður baksýnisspegill fyrir dag/nótt | ● | ● | ● |
| Skjár fyrir bakkmyndavél | – | ● | ● |
| Fastar hjálparlínur á skjá bakkmyndavélar | – | ● | ● |
| Handstýrð loftkæling | ● | – | – |
| Sjálfvirk loftkæling | – | ● | ● |
| Frjókornasía | ● | ● | ● |
| Loftsía | ● | ● | ● |
| Armpúði í aftursæti | – | ●* | ● |
| Stakt framsæti farþegamegin | ● | ● | ● |
| Rafdrifið ökumannssæti | – | – | ● |
| Rafstýrt, hallanlegt ökumannssæti | – | – | ● |
| Ökumannssæti með handstýrðri hæðarstillingu | – | ● | – |
| Rafdrifið ökumannssæti með hæðarstillingu | – | – | ● |
| Hiti í sæti ökumanns og farþega í framsæti | ● | ● | ● |
| Aftursæti sem hægt er að lyfta upp með 60:40 skiptingu | – | ●* | ● |
| Hiti í fótrými farþega í aftursæti | ● | ● | ● |
| Rafdrifnar rúður að framan | ● | ● | ● |
| Föst afturrúða | ● | ● | ● |
| Rafdrifnar rúður að aftan | ● | ● | ● |
| Sjálfvirkni í rúðu aðeins ökumannsmegin | ● | ● | ● |
| Rafdrifnar rúður með festivörn | – | – | ● |
| Rúða með festivörn aðeins ökumannsmegin | ● | ● | – |
| Rafdrifin gluggalæsing hjá farþegum | ● | ● | ● |

| ÞÆGINDI Í INNANRÝMI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Skygging efst á framrúðu | – | ● | ● |
| UV-sía á rúðum ökumanns og farþega í framsæti | ● | ● | ● |
| UV-sía á afturrúðum | ● | ● | ● |
| Lesljós fyrir ökumann og farþega í framsæti | ● | ● | ● |
| Ljós í miðrými | ● | ● | ● |
| Ljós við opnun dyra | – | ● | ● |
| Lýsing fyrir innstig | ● | ● | ● |
| Handföng í lofti að framan | ● | ● | ● |
| Handföng í lofti að aftan | –◊ | ●* | ● |
| Handföng á framstoð | ● | ● | ● |
| Spegill á sólskyggni ökumanns | ● | ● | ● |
| Spegill á sólskyggni farþegamegin | – | ● | ● |
| 12 V innstunga að framan | ● | – | – |
| 12 V innstunga að framan (2) | – | ● | ● |
| 220 V innstunga að framan | – | ●* | ● |
| Raflæsing hurða | ● | ● | ● |
| Barnalæsing | –◊ | ●* | ● |
| Viðvörun sem minnir á lykla | ● | ● | ● |
| Fjölnota einlitur LCD-upplýsingaskjár | ● | – | – |
| Fjölnota TFT-upplýsingaskjár í lit | – | ● | ● |
| 4,2" fjölnota upplýsingaskjár | – | ● | ● |
| Vistakstursvísir | ● | ● | ● |
| Fjórhjóladrifsrofi hjá ökumanni | ● | ● | ● |
| Vistakstursrofi á miðstokki | ● | ● | ● |
| Rofar fyrir hljómtæki á stýri | ● | ● | ● |
| Rofar fyrir margmiðlun á stýri | – | ● | ● |
| Símarofi á stýri | ● | ● | ● |
| Einangrunarhlíf sem dregur úr vélarhávaða | ● | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður - = ekki fáanlegt § staðalbúnaður í Extra Cab. ◊ staðalbúnaður í Double Cab.
* ekki fáanlegt í Extra Cab.

# BÚNAÐUR

| GEYMSLURÝMI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Hólf í miðstokki að framan | ● | ● | ● |
| Lok á miðstokki að framan | ● | ● | ● |
| Mikið geymslupláss í hólfi í miðstokki að framan | ● | ● | ● |
| Hanskahólf með hægopnun | – | ● | ● |
| Læsanlegt hanskahólf | ● | ● | ● |
| Kælir í efra hanskahólfi | ● | ● | ● |
| Vasar í framhurðum | ● | ● | ● |
| Vasar í afturhurðum | –* | ●§ | ● |
| Flöskuhaldarar að framan | ● | ● | ● |
| Flöskuhaldarar aftur í | ●◊ | ● | ● |
| Glasahaldarar í framsætum | ● | ● | ● |
| Glasahaldarar í aftursæti | – | ●§ | ● |
| Snagar fyrir farþega í aftursætum (2) | –* | ●§ | ● |
| Miðavasi á sólskyggni ökumanns | ● | ● | ● |
| Hólf fyrir sólgleraugu | ● | ● | ● |
| Vasar í sætisbökum bílstjóra og farþega | ● | ● | ● |
| Krókar fyrir innkaupapoka á vösum í sætisbökum | – | ●§ | ● |

| MARGMIÐLUN | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| 7" margmiðlunarskjár | – | ● | ● |

| MARGMIÐLUN | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Útvarp og geislaspilari með WMA og MP3 | ● | – | – |
| Toyota Touch® 2-margmiðlunarkerfi | – | ● | ● |
| Fjórir hátalarar | ● | – | – |
| Sex hátalarar | – | ● | ● |
| Hljóðinntak | ● | ● | ● |
| USB-tengi | ● | ● | ● |
| Handfrjáls Bluetooth®-búnaður | ● | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður - = ekki fáanlegt * staðalbúnaður í Double Cab. § ekki fáanlegt í Extra Cab.

# BÚNAÐUR

| ÖRYGGI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| ABS-kerfi með rafstýrðri hemlajöfnun (EBD) | ● | ● | ● |
| Hemlunarhjálp | ● | ● | ● |
| Viðvörunarljós fyrir nauðhemlun (EBS) | ● | ● | ● |
| Toyota Safety Sense | ● | ● | ● |
| Hástætt hemlaljós (LED) | ● | ● | ● |
| Afturljósasamstæða (með perum) | ● | ● | ● |
| Margspegla halógen-aðalljós | ● | ● | – |
| LED-aðalljós | – | – | ● |
| Handvirk stilling aðalljósa | ● | ● | – |
| Sjálfvirk hæðarstilling á aðalljósum | – | – | ● |
| Þurrkur á aðalljósum | – | ● | ● |
| Þokuljós að framan | ●* | ● | ● |
| Dagljós (með perum) | ● | ● | – |
| Dagljós (LED) | – | – | ● |
| Stefnuljós í hliðarspeglum | ● | ● | ● |
| Hraðastillir | ● | ● | ● |
| Stöðugleikastýring (VSC) | ● | ● | ● |
| Stöðugleikastýring eftirvagns | ● | ● | ● |
| Virk spólvörn (A-TRC) | ● | ● | ● |
| HAC-kerfi (aðstoð við að taka af stað í brekku) | ● | ● | ● |
| DAC-kerfi (stjórn á hraða niður brekku) | – | ● | ● |
| Bakkmyndavél | – | ● | ● |
| Ræsivörn | ● | ● | ● |
| Áminning fyrir öryggisbelti í framsætum | ● | ● | ● |
| Áminning fyrir öryggisbelti í aftursætum | –* | ●§ | ● |
| Stillanlegt öryggisbelti fyrir ökumannssæti | –* | ●§ | ● |
| Forstrekkjarar | ● | ● | ● |
| SRS-loftpúðar – 7 loftpúðar | ● | ● | ● |

| ÖRYGGI | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Hægt að gera loftpúða fyrir farþega í framsæti virkan/óvirkan | ● | ● | ● |
| Loftpúðaskynjari farþega í framsæti | ● | ● | ● |
| ISOFIX-festingar fyrir barnabílstóla | –* | ●§ | ● |
| Ökumanns- og framsæti með vörn gegn hálshnykk | ● | ● | ● |
| Höfuðpúðar á aftursætum (2) | –** | –** | – |
| Höfuðpúðar á aftursætum (3) | –* | ●§ | ● |

| AFKÖST, FLUTNINGUR OG VERND | LX | GX | VX |
|---|---|---|---|
| Mjúk fjöðrun | – | ● | ● |
| Burðarmeiri fjöðrun | ● | – | – |
| Halla- og skoppstýring | ● | ● | ● |
| Eins tonns farmþungi | ● | ● | – |
| Mismunadrifslæsing að aftan | ● | ● | ● |
| Eldsneytishitari | ● | ● | ● |
| PTC- og seigjuhitakerfi | ● | ● | ● |
| Hleðslupallur | ● | ● | ● |
| Innri hlasskrókar á hleðslupalli | ● | ● | ● |
| Pallgrind sem verndar farþegarými | ● | – | – |
| Varnarhlíf á undirvagni | ● | ● | ● |
| Aurhlífar að framan | ● | ● | ● |
| Aurhlífar að aftan | ● | ● | ● |

● = staðalbúnaður ○ = aukabúnaður - = ekki fáanlegt § ekki fáanlegt í Extra Cab.
* staðalbúnaður í Double Cab. ** staðalbúnaður í Extra Cab.

# ORÐASAFN

## FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR UM FRAMÚRSKARANDI TÆKNIHÖNNUN, AFBURÐAÖRYGGISBÚNAÐ OG NÝJUSTU TÆKNILAUSNIRNAR SEM GERA HILUX SJÁLFKJÖRINN TIL FORYSTU.



**Aðalljós lýsa leiðina heim að dyrum**
Ökumaður getur virkjað þennan eiginleika í myrkri til að auka öryggi sitt og þægindi. Þá loga aðalljósin í 30 sekúndur eftir að bílnum er lagt og lýsa leiðina heim að dyrum.



**Lyklalaus opnun og ræsing**
Í stað hefðbundinna bíllykla fylgir lítill sendir fyrir lyklalausa opnun og ræsingu sem gerir þér kleift að taka hurðir úr lás með því einu að taka í hurðarhúninn og læsa þeim aftur með því að styðja á hnapp. Til að gangsetja vélina eða drepa á henni ýtirðu einfaldlega á Start/Stop-hnappinn. Það eina sem þú þarft að gera er að vera með sendinn fyrir lyklalausa opnun í vasanum eða töskunni.



**ABS-kerfi með rafstýrðri hemlajöfnun (EBD)**

ABS-kerfið kemur í veg fyrir að hjólin læsist við hemlun. Rafstýrða hemlajöfnunin styrkir þennan eiginleika með því að dreifa hemlunarkraftinum jafnt milli hjólanna til að jafna út mismunandi þunga. Í sameiningu aðstoða kerfin tvö ökumanninn við að halda stjórn á bílnum þegar bremsað er af afli.



**Hemlunarhjálp**
Ef þú reynir að nauðhemla greinir hemlunarhjálpin það og eykur hemlunarþrýstinginn. Þannig getur ABS-kerfið starfað á sem skilvirkastan hátt.



**Stöðugleikastýring (VSC)**
Stöðugleikastýringin virkjar hvern hemil fyrir sig eftir þörfum og stýrir afköstum vélarinnar til að viðhalda stöðugleika og forðast skrið í snöggum beygjum eða í hálku.



**Stöðugleikastýring eftirvagns**
Stöðugleikastýring eftirvagns dregur úr sveigju eftirvagns í vindi, á ójöfnum vegum eða í beygjum. Stöðugleikastýringin greinir velting, hröðun og stýringu og notast við afhröðunarstýringu og veltingsstjórnun til að draga úr veltingi. Skrikvísirinn gefur frá sér hljóð þegar stöðugleikastýring eftirvagns verður virk og það kviknar á hemlaljósunum til að vara ökumenn fyrir aftan bílinn við.



**Virk spólvörn (A-TRC)**
Virk spólvörn (A-TRC) er hönnuð fyrir akstur jafnt innan sem utan vegar og heldur bílnum á ferðinni, jafnvel við verstu skilyrði. Þetta er hugvitssamlega hönnuð spólvörn sem beitir hemlunarkrafti á eitt hjól sem spólar og dreifir aflinu jafnt á milli hinna þriggja sem eru með grip.



**HAC-kerfi (aðstoð við að taka af stað í brekku)**
HAC-kerfið tryggir að mjúklega er tekið af stað í miklum halla með því að beita hemlunum í allt að fimm sekúndur eftir að hemlafetlinum er sleppt. Þannig er komið í veg fyrir að bíllinn renni aftur á bak. Kerfið er virkjað með því að ýta fastar á hemlana eftir að numið er staðar með gírstöngina í framgír.



**DAC-kerfi (stjórn á hraða niður brekku)**
Þegar bíllinn fer niður brekku utan vegar hemlar DAC-kerfið á einstaka hjólum til að halda bílnum stöðugum og á jöfnum hraða, milli 5 og 7 km/klst. DAC-kerfið virkar bæði í fram- og afturgír og þegar það er virkt þarf ökumaðurinn ekki að stíga á fetlana.



**Traustbyggður undirvagn**
Allir hlutar yfirbyggingarinnar, þar á meðal þversláin, hliðarslárnar og fjöðrunarhúsið, hafa verið járnbentir til að tryggja afburðastífni.



**SRS-loftpúðar – 7 loftpúðar**
Þessi gerð er búin sjö loftpúðum. Þar á meðal er hnéloftpúði fyrir ökumann, SRS-loftpúðar fyrir ökumann og farþega, hliðarloftpúðar beggja megin framsæta og SRS-loftpúðatjöld við hliðarrúður við framsæti og aftursæti.



**Ökumanns- og framsæti með vörn gegn hálshnykk**

Við árekstur á litlum hraða, og þá sérstaklega aftanákeyrslu, styðja sæti með vörn gegn hálshnykk og höfuðpúðarnir við höfuð og bak. Þetta dregur úr hættunni á hálshnykksmeiðslum.

# HUGARRÓ MEÐ TOYOTA.



## Toyota
## Gæðaþjónusta

Sölu- og þjónustuaðilar Toyota geta gefið þér góð ráð um nauðsynlegt viðhald bílsins. Fara þarf með bílinn í reglulega þjónustu samkvæmt þjónustubók bílsins.

## Toyota
## Lítill viðhaldskostnaður

Allir bílar Toyota eru hannaðir með það fyrir augum að halda viðhaldskostnaði í lágmarki. Í því augnamiði er lögð áhersla á að nota sem fæsta íhluti sem þurfa mikið viðhald og ekki síður að gera tæknilegar upplýsingar um Toyota-bíla aðgengilegar hvar og hvenær sem er, til að stytta tíma sem fer í viðhald og lágmarka kostnað.

## Toyota
## Varahlutir

Þú getur verið viss um að fá ósvikin Toyota-gæði því einungis er notast við upprunalega og viðurkennda íhluti við smíði bílsins. Hönnun bílsins dregur úr kostnaði við viðgerðir ef bíllinn verður fyrir tjóni, því að þeir hlutir sem kostnaðarsamast er að skipta um eru af ásettu ráði hafðir lengst frá þeim svæðum sem algengast er að verði fyrir hnjaski. Þetta stuðlar að því að minni kostnaður fer í varahluti og viðgerðarvinnu.

## Toyota
## Aukahlutir

Aukahlutir frá Toyota eru hannaðir og framleiddir með sömu áherslu á gæði og bílarnir frá Toyota. Með þeim gerirðu bílinn þinn flottari, þægilegri, hagkvæmari og skilvirkari. Allir aukahlutir gangast undir prófun til að tryggja mikla endingu og þeir munu því auka akstursánægju þína bæði vel og lengi. Þriggja ára ábyrgð er á Toyota-aukahlutum þegar þeir eru keyptir með ökutækinu*.



## Toyota
## Alhliða ábyrgð

Öllum nýjum Toyota-bifreiðum fylgir fimm ára / 160.000 km bílaábyrgð sem nær til hvers kyns ágalla sem rekja má til framleiðslugalla. Auk þess ver þriggja ára lakkábyrgð með ótakmörkuðum akstri gegn göllum í lakki og yfirborðsryði vegna verksmiðjugalla. 12 ára ryðvarnarábyrgð, óháð akstri, fylgir öllum nýjum Toyota-bifreiðum vegna gegnumryðs á yfirbyggingunni sem rekja má til efnisgalla eða slælegra vinnubragða.

## Toyota
## Aukið öryggi

Alhliða þjófavarnarkerfi Toyota stenst viðurkennd fimm mínútna próf tryggingafélaga. Bæði viðvörunarkerfið og ræsivörnin eru viðurkennd af öllum helstu tryggingafélögum í Evrópu.

* Fáðu upplýsingar um sértæka ábyrgðarskilmála hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota.

# AÐFERÐ TOYOTA VIÐ AÐ DRAGA ÚR UMHVERFISÁHRIFUM Á ÖLLUM STIGUM.

## 1

### HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

Rauður þráður í öllu starfi Toyota er að draga úr umhverfisáhrifum. Við hönnun á nýjum bíl er hver íhlutur tekinn til athugunar til að tryggja minni umhverfisáhrif allan endingartíma bílsins.





## 5

### MINNKA, ENDURNOTA, ENDURVINNA

Þessi mantra hefur verið leiðarstef í rekstri Toyota allt frá upphafi. Dæmi um þetta er að 95% efnanna sem notuð er í Hilux eru endurnýtanleg og endurvinnanleg, 100% efnanna eru kóðuð til að auðvelda sundurhlutun og búið er að fjarlægja að öllu leyti fjórar tegundir þungmálma í samræmi við Evróputilskipun 2000/53/EB. Umhverfisstefna okkar felur í sér að þér bjóðast nýjar og frumlegar leiðir til að skila bílnum þegar hann hefur runnið sitt skeið. Farðu á www.toyota.is eða hafðu samband við Toyota-umboðið til að fá frekari upplýsingar.





# 4

## AKSTUR OG VIÐHALD

Með því að huga að akstrinum í Toyota-bílnum þínum geturðu dregið úr eldsneytiskostnaði og losun koltvísýrings um allt að 30%.

Sölumenn okkar geta sýnt þér hvernig þú nýtir kosti bílsins sem best og sparar eldsneyti.

Þegar úr sýningarsalnum er komið skaltu láta sérþjálfað starfsfólk okkar um að þjónusta bílinn til að tryggja áframhaldandi gæði. Notkun ósvikinna og vissra endurunninna og ósvikinna íhluta stuðlar einnig að því að dregið er úr umhverfisáhrifum.



# 2

## VÖRUSTJÓRNUN

Hvort sem er við flutning íhluta í verksmiðjur eða flutning bíla og varahluta til söluaðila okkar vinnum við stöðugt að því að finna skilvirkustu leiðir til að hlaða efni og draga úr vegalengdum, og notum járnbrautarflutninga að því marki sem unnt er.



# 3

## SÖLUSVÆÐI ÖKUTÆKJA

Stöðugt er unnið að umbótum í umhverfismálum í sýningarsölum Toyota á heimsvísu. Sjálfbærniverkefni á borð við orkumat, söfnun regnvatns, betri einangrun bygginga og aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa stuðla öll að því að draga úr orkunotkun og vatnsnotkun ásamt því að minnka úrgang.

# GETUR ALLT

## RÓMUÐ SEIGLA FRÁ 1968

Hilux á sér langa sögu um þrautseigju, sem óhætt er að rekja með stolti. Allt frá því að þessi einkennandi pallbíll kom fyrst á markað árið 1968 hefur hann vakið athygli hvert sem hann hefur farið. Hann hefur ferðast um heiminn, brunað yfir eyðimerkur Afríku, sigrast á eldfjöllum, kannað Amasonsvæðið og meira að segja komist á norðurskautið. Árið 2015 hlaut Hilux enn ein verðlaunin í Dakar-kappakstrinum og komst á verðlaunapall í þriðja sinn á fjórum árum. Hilux er rómaður fyrir hörku og áreiðanleika um alla veröld. Það er því ekki að undra að hann sé mest seldi pallbíll í heiminum.



Sigrast á Atacama-eyðimörkinni: Hilux hefur verið sigursæll við erfiðustu umhverfisaðstæður sem fyrirfinnast í nærri hálfa öld.


IMPERIAL
TOYOTA
IMPERIAL
TOYOTA
HILUX
IMPERIAL
TOYOTA
DUXBURY
NETGEAR
DUXBURY
NETGEAR


IMPERIAL
TOYOTA
DUXBURY
NETGEAR
SOUTH AFRICAN AIRWAYS CARGO
DUXBURY
NETGEAR
Macro
327
Macro
SpeedAgro
SpeedAgro
FINANCIAL SERVICES
TOYOTA
FINANCIAL SERVICES
innovation
group


IMPERIAL
TOYOTA
HILUX
DUXBURY
NETGEAR

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# BARA SVONA HILUX DAGUR.

www.toyota.is

**Skannaðu þennan QR-kóða til að auka enn frekar á upplifunina.**

Eftir okkar bestu vitund eru allar upplýsingar í þessu kynningarriti sannar og réttar þegar það fer í prentun. Tæknilýsingar og upplýsingar um búnað í þessu kynningarriti eru háðar aðstæðum og kröfum á hverjum stað. Því er mögulegt að sumar upplýsingar gildi ekki um þær gerðir sem fáanlegar eru á þínu markaðssvæði. Þú færð nánari upplýsingar um tækni og búnað á þínu svæði hjá Toyota á Íslandi. • Litir á yfirbyggingum geta verið frábrugðnir þeim sem birtast á ljósmyndum í þessu riti. • Læsileiki QR-kóða (QR Codes®) í þessu riti getur verið mismunandi eftir því hvaða skanni er notaður. Toyota ber ekki ábyrgð á því ef tækið þitt getur ekki lesið einhverja QR-kóða (QR Codes®) eða merki fyrir gagnvirkt efni. • Toyota Motor Europe áskilur sér rétt til að breyta upplýsingum um tækni og búnað án fyrirvara. • © 2016 frá Toyota Motor Europe NV/SA („TME“). • Óheimilt er að gera eftirmyndir af nokkrum hluta þessarar útgáfu nema með fyrirfram skriflegu samþykki Toyota Motor Europe.

05/16/HILUX/ISL/1500 YAMB153